

Utl. 10. maí 1923
Traust.

I.

Fjárveitingar, eins og þessar til míni, sem getið hefir verið um í blöðunum, sýna, að verk mitt er af þingi og stjórn mjög lítils metið, og jeg sjálfur talinn nálega einskis virði fyrir þjóð voru. Því að slíkt mundi mjer veitt hafa verið af svo vel innrættum mönnum, þó að jeg hefði aldrei unnið nema meðalmannsverk, og væri rú með öllu ófær orðinn. En þar er þó sannleikurinn sá, að frá því að jeg hóf rannsóknir mínar, fyrir 26 árum, hefi jeg altaf unnið ~~frábær~~ verk, og altaf batnandi. Jeg hefi sýnt fram á, að náttúra Íslands er miklu merkilegri og rannsóknarverðari en nokkur hafði látið sjer til hugar koma. og margir munu þeir verða, sem hingað koma, til þess að skoða sjerstaklega það, sem jeg hefi fundið, þó að nokkur dvöl hafi þar á orðið, vegna þess, að íslenskir náttúrufræðingar hafa ekki verið mjer samtaka svo sem þurft hefði. Jeg er enn fremur að leitast við, að fá menn til að skilja, að þýðing íslensku þjóðarinnar og íslenskrar tungu, er langt fram yfir það, sem nokkurn hefir grunað, og sú viðleitni er á þeim rökum reist, að um sigur þess málს þarf ekki að efast. Um fram alt hefi jeg rannsakað eðli mannsins, og sú viðleitni míni hefir leitt í ljós sannindi, sem munu verða til þess að breyta gersamlega til batnaðar högum alls mannkyns.

II.

Tuttugu þúsund krónur var það sem jeg vildi fá; og þó að það sje mjer bagalegt að vera án þessa fjár, þá er þetta sannast að segja, lítilræði, þegar miðað er við gagnið, af starfi þess manns, sem finnur ný náttúrulögðmál. Það er nú orðið langt síðan einn af fremstu vísindamönnum á vorum dögum, vildi fá vísindafjelagið í Berlin til að veita mjer einmitt svo sem mundi svara 20000 íslenskum nútíðar krónum. En þó er það ekki þess vegna, sem jeg nefni þá upphæð, heldur af því, að jeg þarfnaðst þessa fjár alls, og þó að meira væri. Jeg ásetti mjer þegar á ungum aldri, að verða ekki embættismaður; jeg ætlaði mjer að verða vísindamaður, og vildi ekki hafa vísinda-starfið í hjáverkum. En dýrt hefir frelsið orðið mjer, og ekki mundu meðalárstekjurnar verða meir en eins og lág embættislaun, þó að 20000 kr. væri jafnað niður á árin síðan jeg fór að starfa að rannsóknum. Og fyrstu árin 4, fjekk jeg ekki nokkra krónu úr landssjóði.

III.

Erindi þetta kemur seint fram, vegna þess, að jeg hefi verið að reyna að koma af ðórum, en það vill verða útundan hjá mjer, sem til fjárafla miðar. En ekki vil jeg þó láta nokkurn halda, að jeg telji það rjettlátt að veita mjer eins lítið fje fyrir starf mitt, eins og nú hefir samþykkt verið. Og eun hefir það almenna þýðingu, að slíku sje mótmælt. Því að fátt stendur þjóðfjelögunum meir fyrir þrifum en einmitt það, að þeir menn skuli eiga örðugra uppdráttar en aðrir, sem með vel söndum ritgerðum bæta hugafarið og með uppgötvunum sínum gróðursetja ný verðmæti, og jafnvel þó að nokkru síður væri, en svo sem jeg hefi gert.

IV.

Starf mitt er þannig vaxið, að um mun skifta syrir íslendingum, eftir því, hvort þeir verða mjer samtaka, eða ekki. Aldrei hefir fyr en í mínum ritgerðum verið bent á hið sjerstaka takmark, sem þessi þjóð verður að setja sjer, aldrei verið sýnt fram á þýðingu hennar fyrir frændþjóðirnar á Norðurlöndum og alt mannkyn. Og ekkert af því, sem á þingi hefir verið unnið að þessu sinni, mundi verða jafnfrægt, eins og ef menn samþykktu þar í einu hljóði þessa fjárveitingu til míni, sem jeg hefi farið fram á. Og fremur segir mjer vel hugur um heimferð þingmanna, ef þetta væri gert. En þó að jeg þykist hafa riflega til fjárins unnið, þá hefi jeg ásett mjer að gefa til þjóðþarfa, aður en mörg ár eru liðin, að minsta kosti tvöfalt við það fje, sem mjer verður núna veitt. Mun mjer verða það auðvelt, þegar menn fara að skilja, hvers virði verk mitt er þeim. En um það skulu menn ekki efast, að uppgötvunum mínum mun framengt verða. Allar þjóðir mun jeg fá til að skilja, að íslendingar eru konungsætt mannkynsins. Að þessu sinni verður það ekki andskotinn, sem sigrar, eða hin ranga stefna, svo að viðindalegar sje að orði komist.

8. maí
Helgi Pjeturss